



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 21. júní 2021
Málsnr. 2104181 GþG

Efni: Malarskarð 18-20. Umsögn v_aths v_grenndark

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14.4.2021 samþykkti skipulagsfulltrúi að grenndarkynna frávík frá deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga er nær til lóðanna við Malarskarð 12-14 og 18-20 í samræmi við skipulagslög 123/2010.

Í breytingunni felst að: byggingareitir stækka og gert er ráð fyrir að þakskyggni verði komið fyrir innan stækkunarinnar. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Athugasemdir bárust á tíma grenndarkynningar sem var frá 30.04.-31.05.2021.

Í þeim athugasemdum sem fram hafa komið er bent á að þær breytingar sem lagðar eru fram þrengja að götunni og einnig að lóðinni við Malarskarð 16 þar sem byggingareitir eru stækkaðir. Umbeðin frávík muni einnig hafa áhrif á skertan sólargang í garði við Malarskarð 16. Lagst er gegn núverandi útfærslu svala meðfram austur og suðurhlið við númer 18-20 sem og á vestur og suðurhlið við Malarskarð 12-14.

Þær breytingar sem lagðar hafa verið fram ganga þvert á þá heildarmynd sem skipulagið leggur upp með. Bent er á að ekkert annað hús hefur svalir til austurs og vesturs sem ná út fyrir útveggi húss og ljóst er að slíkar útfærslur hafa áhrif á heildar ásýnd götumyndar.


Ljóst er að sumar af þeim breytingum sem kynntar hafa verið eru ekki í samræmi við það sem lóðarhafar við Malarskarð 16 máttu vænta m.v. gildandi deiliskipulag og lá fyrir þegar þeir sóttu um lóðina á sínum tíma. Er þá helst að nefna útfærslu svala. Eðlilegt er að íbúar/lóðarhafar hafi áhyggjur af því hvort að við slíka útfærslu aukist innsýn eða annað sem ekki var gert ráð fyrir skv. gildandi skipulagi. Einnig skal á það bent að breytingar eru sitt hvoru megin við Malarskarð 16 og líkt og fram kemur í athugasemdum þá er gert ráð fyrir að byggingareitir stækki og að svölum sé komið fyrir á báðum tillögnum.

Endurskoða ber tillögurnar m.t.t. þeirra athugasemda sem borist hafa og þá sér í lagi þær breytingar er snúa að lóðinni við Malarskarð 16.




HAFNARFJÖRÐUR

Tillaga: Malarskarð 12-14.



FYRIR BREYTINGU - Í GILDI FRÁ 26.06.2018

MKV 1:500



TILLAGA AÐ BREYTINGU


MKV 1:500

Tillaga: Malarskarð 18-20.



FYRIR BREYTINGU - Í GILDI FRÁ 26.06.2018

MKV 1:500



TILLAGA AÐ BREYTINGU

MKV 1:500

Skipulagssvið gerir ekki athugasemdir við að svölum sé komið fyrir út mót götu eða að byggingarreitir færast framur þar sem færsla þeirra er enn í samræmi við þá línu sem fyrirhugaðir húskroppar eiga að sitja við á aðliggjandi lóðum.

Mælt er með að breytingarnar verði endurskoðaðar í samræmi við framangreint.

F.h. skipulagsfulltrúa
Gunnþóra Guðmundsdóttir.